

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 95/2004

frá 9. júlí 2004

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 69/2004 frá 8. júní 2004 ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/380/EB frá 22. maí 2003 um að veita Svíþjóð undanþágu frá tilskipun ráðsins 64/433/EBE og um setningu sambærilegra heilbrigðisskilyrða sem uppfylla skal með tilliti til stykkjunar nýs kjöts ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/470/EB frá 24. júní 2003 um leyfi fyrir tilteknum, nýjum aðferðum sem nota skal við örverufræðilegar rannsóknir á kjöti sem er ætlað fyrir Finnland og Svíþjóð ⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.
- 4) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/721/EB frá 29. september 2003 um breytingu á tilskipun ráðsins 92/118/EBE að því er varðar kröfur viðvíkjandi kollageni, sem er ætlað til neyslu, og niðurfellingu á ákvörðun 2003/42/EB ⁽⁴⁾ skal felld inn í samninginn.
- 5) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/74/EB frá 22. september 2003 um breytingu á tilskipun ráðsins 96/22/EB um að banna í búfjárrækt notkun tiltekinna efna, sem hafa hormónavirkni eða skjaldheftandi virkni, og notkun beta-virkra efna ⁽⁵⁾ skal felld inn í samninginn.
- 6) Ákvörðun þessi á hvorki að gilda á Íslandi né í Liechtenstein.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Ákvæði I. kafla I. viðauka við samninginn breytist sem segir í viðauka við ákvörðun þessa.

2. gr.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 349, 25.11.2004, bls. 23 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 59, 25.11.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 131, 28.5.2003, bls. 18.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 157, 26.6.2003, bls. 66.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 260, 11.10.2003, bls. 21.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 262, 14.10.2003, bls. 17.

Norskur texti tilskipunar 2003/74/EB og ákvarðana 2003/380/EB, 2003/470/EB og 2003/721/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 10. júlí 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 9. júlí 2004.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

Kjartan Jóhannsson

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

Ø. Hovdkinn

M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

VIÐAUKI

við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 95/2004

Ákvæði I. kafla I. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liðir bætist við á eftir 44. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/616/EB) í hluta 6.2:

„45. **32003 D 0380**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/380/EB frá 22. maí 2003 um að veita Svíþjóð undanþágu frá tilskipun ráðsins 64/433/EBE og um setningu sambærilegra heilbrigðisskilyrða sem uppfylla skal með tilliti til stykkjunar nýs kjöts (Stjtíð. ESB L 131, 28.5.2003, bls. 18).

46. **32003 D 0470**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/470/EB frá 24. júní 2003 um leyfi fyrir tilteknum, nýjum aðferðum sem nota skal við örverufræðilegar rannsóknir á kjöti sem er ætlað fyrir Finnland og Svíþjóð (Stjtíð. ESB L 157, 26.6.2003, bls. 66).

Ákvæði þessarar ákvörðunar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Ákvæði ákvörðunar þessarar skulu gilda um sendingar til Noregs.“

2. Eftirfarandi bætist við í 1. lið (tilskipun ráðsins 96/22/EB) í hluta 7.1:

„, eins og henni var breytt með:

- **32003 L 0074**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/74/EB frá 22. september 2003 (Stjtíð. ESB L 262, 14.10.2003, bls. 17).“

3. Eftirfarandi undirliður bætist við í 7. lið (tilskipun ráðsins 92/118/EBE) í hluta 5.1, 15. lið (tilskipun ráðsins 92/118/EBE) í hluta 6.1 og 16. lið (tilskipun ráðsins 92/118/EBE) í hluta 8.1:

„- **32003 D 0721**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/721/EB frá 29. september 2003 (Stjtíð. ESB L 260, 11.10.2003, bls. 21).“

4. Texti 10. undirliðar (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/42/EB) í 15. lið (tilskipun ráðsins 92/118/EBE) í hluta 6.1 og 13. undirliðar (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/42/EB) í 16. lið (tilskipun ráðsins 92/118/EBE) í hluta 8.1 falli brott.